

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 29. september 2016 R16090002

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
R16020171	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina um að fella niður byggingarréttargjald hjá Hjalpræðishernum, dags. 22.9.'16.	Sent SEA til umsagnar.
R16090189	Erindi Félagsbústaða, dags. 27.9.'16, vegna lántöku Félagsbústaða hjá Lánasjóði sveitarfélaga	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R16090199	Auglýsing Rannís, dags. 22.9.'16, um umsóknir um Europa Notra menningarverðlaunin.	Sent MOF og USK til kynningar.
R16090072	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina, dags. 22.9.'16, varðandi hækkanir fæðisgjalds í skólum.	Sent SFS til umsagnar.
R16010160	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, dags. 22.9.'16, um biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði.	Sent VEL til umsagnar.
R16090112	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 22.9.'16, um ferð borgarstjóra til Strassborgar, Kaupmannahafnar og Vancouver.	Sent SBB til umsagnar.
R16010160	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, dags. 22.9.'16, um hvort Félagsbústaðir kaupi eignir í búsetukjörnum fyrir aldraða.	Sent Félagsbústöðum til umsagnar.
R16010160	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, dags. 22.9.'16, um fjölda íbúða sem Félagsbústaðir hafa keypt og selt á árinu.	Sent Félagsbústöðum til umsagnar.
R16090106	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 22.9.'16, varðandi skipun í kjaranefnd	Sent kjaranefnd til umsagnar.

BORGARRÁÐ 22.9. '16: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um að fella niður byggingarréttargjald hjá Hjalpræðishernum - R16020171

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja til að í ljósi starfsemi þeirrar sem Hjalpræðisherinn stendur fyrir og hefur staðið fyrir í Reykjavík í rúma öld verði samtökin undanþegin byggingarréttargjaldi vegna úthlutunar lóðar við Suðurlandsbraut 72-74.

BORGARRÁÐ 22.9.'16: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi skipun í kjaranefnd - R16090106

Hversu margir embættismenn heyra undir kjaranefnd Reykjavíkurborgar? Með hvaða hætti eru teknar ákvarðanir um hverjir heyra undir ákvarðanir kjaranefndar hverju sinni? Hvernig hefur fjöldi þeirra sem heyra undir kjaranefndina þróast undanfarin fimm ár?

BORGARRÁÐ 22.9.'16: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um fjölda íbúða sem Félagsbústaðir hafa keypt og selt á árinu - R16010160

Hversu margar íbúðir hafa Félagsbústaðir keypt á þessu ári, og hversu margar hafa verið seldar á þessu ári, viðmiðunardagsetning er 15. september 2016.

BORGARRÁÐ 22.9.'16: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um hvort Félagsbústaðir kaupi eignir í búsetukjörnum fyrir aldraða - R16010160

Kaupa Félagsbústaðir eignir í búsetukjörnum fyrir aldraða. Ef svo er óskast upplýsingar um í hvaða búsetukjörnum það er og hver er fjöldi íbúða í þeirra eigu m.v. 15. september 2016.

BORGARRÁÐ 22.9.'16: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um ferð borgarstjóra til Strassborgar, Kaupmannahafnar og Vancouver - R16090112

Óskað er eftir rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun að borgarstjóri kjósi að ferðast til þriggja stórborga í tveimur heimsálfum til að kynna sér rekstur sporvagna. Hægt hefði verið að ferðast til nokkurra borga í Evrópu sem eru á stærð við Stór-Reykjavíkursvæðið þar sem slík kerfi eru og þannig frekar samanburðarhæfar varðandi rekstur slíkra kerfa. Um 650 þúsund manns búa á borgarsvæði Strassborgar, um 1.250 þúsund manns á borgarsvæði Kaupmannahafnar og um tvær milljónir á borgarsvæði Vancouver. Um 212 þúsund manns búa hins vegar á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Óskað er eftir upplýsingum um kostnað Reykjavíkurborgar vegna umræddrar ferðar.

BORGARRÁÐ 22.9.'16: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði - R16010160

Hversu margir eru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík og hversu margir af þeim teljast vera í brýnni þörf? Þá er óskað eftir upplýsingum um hvernig skiptingin er á milli einstaklinga og fjölskyldufólks og þá hversu mörg börn og ungmenni yngri en 18 ára eru á framfærslu þeirra sem á biðlistanum eru. Þá er óskað eftir upplýsingum um hversu margir eldri borgarar eru á biðlista. Úttektin skal miðast við 15. september 2016.

BORGARRÁÐ 22.9.'16: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina varðandi hækkanir á fæðisgjaldi í skólum - R16090072

Óskað er eftir skýringum á því hvernig farið verði með hækkanir á fæðisgjaldi í þeim skólum þar sem matur er aðkeyptur, t.d. í Vesturbæjarskóla og gerðir hafa verið samningar út skólaárið. Verða gerðir nýir samninga við verktakann og má vænta breytinga á matseðlum og samsetningu matar þar eins og í þeim skólum sem reka eigið mótuneyti?

From: Ragnhildur.Zoega@Rannis.is

Sent: 22.9.2016 13:36:48

To: safnmenn@safnmenn.is; minjastofnun@minjastofnun.is; minjavernd@minjavernd.is; alla@a2f.is; ragneidur.h.thorarinsdottir@mrn.is; SambandPostur

Subject: Europa Nostra ? umsóknarfrestur til 1. október 2016

Það er mikill heiður að hljóta Europa Nostra menningarverðlaun Evrópusambandsins fyrir verkefni á sviði menningararfleifðar. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi verkefni eins og endurgerðir/uppbygging á menningarminjum og mikilvægar rannsóknir. Einnig er fagfólki og sjálfboðaliðum sem vinna í þágu menningararfleifðar veittar viðurkenningar. Þá eru verðlaunin veitt til vitundarvakningar, þjálfunar og menntunar í greininni.

ATHUGIÐ Arkitektar, handverksfólk, sérfræðingar á sviði menningararfleifðar, fagfólk, sjálfboðaliðar, stofnanir, og sveitarfélög! Nú er tækifæri til að vinna þessi mikilsvirtu verðlaun! Árið 2016 var Minjavernd á meðal vinningshafa og vann til verðlauna fyrir endurbyggingu Franska spítalans á Fáskrúðsfirði.

Á árinu 2017 verða veitt allt að 30 verðlaun fyrir menningararfleifðarverkefni í Evrópu. Af þeim hljóta 7 verkefni Grand Prix og 10.000 evrur hvert. Eitt verkefni hlýtur Public Choice Award, sem verður valið með netkönnun.

Vinningshafar verða heiðraðir á verðlaunaafhendingu sem verður haldin í júní 2017 í Turku, Finnlandi.

Sæktu um fyrir þitt verkefni og deildu afrekum þínum á evrópska og alþjóðlega vísu!

Umsókn hér

Umsóknarfrestur: 1. október 2016

<http://www.europanostra.org/apply-for-an-award-2017/>

Horfðu á myndband

Bestu kveðjur ' Best regards,

Hulda Hrafnkelsdóttir

Creative Europe og innlendir menningarsjóðir

Rannsóknamiðstöð Íslands - Rannís /The Icelandic Centre for Research - RANNÍS

Borgartúni 30

IS-105 Reykjavík, Iceland

Tel: 354-515 5844

hulda.hrafnkelsdottir@rannis.is

Nauðsynleg bókun á fundi Borgarstjórnar samkvæmt LS.

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita stofnun/félagi sem er að öllu leyti í eigu sveitarfélagsins einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Félagsbústaða hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 898.283.929 kr. til 40 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Ábyrgð þessi er veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og veitir sveitarstjórnin lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og verðbótum auk hvers kyns innheimtukostnaðar. Lánið er tekið til fjármagna kaup á félagslegu húsnæði og til uppgreiðslu óhagstæðra lána Félagsbústaða hf. sem tekin voru til kaupa og viðhalds á félagslegu húsnæði, sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Félagsbústaða hf. til að selja ekki eignarhlut sinn í Félagsbústöðum hf. til einkaaðila, í heild eða að hluta, fram til þess tíma að lán þetta er að fullu greitt.

Fari svo að Reykjavíkurborg selji eignarhlut í Félagsbústöðum hf. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Reykjavíkurborg sig til þess að tryggja að samhliða yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á lániinu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Birgi Birni Sigurjónssyni, kt. 200249-2169 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Reykjavíkurborgar veitingu ofangreindrar ábyrgðar og veðsetningar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu ábyrgðar þessarar.

Upphæð og kjör lánsins eru eftirfarandi:

Eiginleiki	Gildi	Eining
Lánaflokkur	LSS151155	
Áætluð dagsetning lántöku	14. okt 2016	
Lánsfjárhæð	1.000	milljónir IKR
Nafnvextir	2,5%	-
Ávöxtunarkrafa	3,20%	-
Útgreidd upphæð	900,95	milljónir IKR
Tegund afborgunar	Jafnar afborganir	
Fyrsta vaxtagreiðsla	5.11.2016	
Fyrsta afborgun	5.11.2020	
Síðasta afborgun	5.11.2055	
Réttur til uppgreiðslu	5.11.2035 og 5.11.2045	